



S. Baldvinsson, Póststofan í Reykjavík

Bjarni Benediktsson - S. Baldvinsson - Póststofan í Reykjavík

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-8, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Póststofan í Reykjavík.

1361



Reykjavík.
15/7 1946.

Að loknu viðtali yðar við mig, herra borgarstjóri, hinn 12. þ. m., og enn fremur í tilefni af heiðruðu bréfi yðar s. d., hóf eg þegar rannsókn á orsökum til óhæfilega seinna skila á bréfi því er um ræðir og sett var hér í póst 8. þ. m.

Eg sendi yður nú hér með skýrslu umsjónarmanns póstu-
útburðarins í bænum, Gísla V. Sigurðssonar, sem ber með sér hver með-
höndlun bréfinu var veitt hér í pósthúsinu. Hinsvegar er mér hulið um
feril bréfsins eftir að það var látið í pósthólfið að morgni hins
9. þ. m. og þar til það kemur aftur fram í pósti hér nál. sólarhring
síðar.

Mér þykir mjög leitt hversu til tókst með bréf
þetta, sem þó virðist hafa sætt sérstakri umhyggju starfsmannanna,
og bið afsökunar á þeim mistökum, sem hér kunna að hafa orðið.

Jafnframt vil eg biðja afsökunar á þeim drætti,
sem orðinn er á að svara bréfi yðar, en hann starfar af annríki og
laugardagsfrí starfsmannanna.

Bréfumslagið, er fylgdi erindi yðar, endursendist
hér með.

Virðingarfyllst

P. Pálsson

Til

borgarstjórans í Reykjavík.

